

Reglur um mat á fyrra námi

Samþykktar á deildarfundum 20. janúar 2010, m.br. 11. apríl 2024, 10. október 2024 og 29. október 2025.

1. Almenn atriði

Deild metur umsókn stúdenta um mat og viðurkenningu á námi. Þetta á við um hvort tveggja, umsóknir um að nám sem stúdent óskar að sækja til annarra háskóladeilda eða háskóla verði viðurkennt og metið til eininga í Stjórn málafræðideild og umsóknir um að nám sem þegar er lokið í öðrum deildum eða háskólum verði metið til eininga og viðurkennt sem hluti af lokaprófi í Stjórn málafræðideild.

Beiðni skal send Stjórn málafræðideild. Með umsókn eiga að fylgja allar nauðsynlegar upplýsingar um námið sem meta skal. Það er á ábyrgð umsækjanda að afla upplýsinga og útvega deild staðfestar lýsingar á eðli og inntaki náms eða tiltekinna námskeiða auk fullnægjandi vottorða um að náminu sé lokið og stúdent hafi staðist námskröfur.

Deild metur hvernig nám utan deildar samræmist námi í Stjórn málafræðideild, hve margar einingar það telst og hvort það verði metið sem skyldu- eða valnámskeið. Umsóknir eru metnar á grundvelli ákvæða um prófgráður, námseiningar og námsmat í Stjórn málafræðideild, sem fram koma í 92. og 93. gr. reglna nr. 569/2009.

Deild metur að jafnaði síður námskeið ef árangur stúdents er slakur. Námskeið sem eru eldri en 10 ára fást ekki metin.

Mat á fyrra námi er lagt fyrir deildarfund til staðfestingar. Deildarforseta er þó heimilt að afgreiða mál sem greinilega samræmist reglum og góðri venju.

2. Mat og viðurkenning á aukagrein og valnámskeiðum í öðrum greinum

Stúdent getur sótt aukagrein til annarrar deildar háskólans enda sé það nám í samræmi við skilgreindar og formlegar lýsingar þeirrar deildar eða greinar á heildstæðri aukagrein. Ef sama námskeið er hluti af fleiri en einni aðalgrein eða aukagrein, má eigi reikna það nema einu sinni í samanlögðum einingafjölda stúdents. Stúdent getur einnig sótt einstök valnámskeið utan deildar hafi hann fengið samþykki deildar fyrir því.

3. Mat og viðurkenning á námi sem stúdent hefur þegar lokið utan deildar

Stúdent sem hefur lokið námskeiðum í öðrum deildum háskólans eða í öðrum háskólum getur fengið viðurkennd og metin þau námskeið sem að mati deildar eru beinlínis hin sömu eða greinilega sambærileg skyldu- og valnámskeiðum. Námskeið sem stúdent hefur þegar lokið utan Stjórn málafræðideildar og ekki eru beinlínis sambærileg skyldunámskeiðum, en teljast að mati deildar eðlilegur hluti í aðal- eða aukagrein, getur deild viðurkennt og metið til eininga sem valnámskeið.

Séu námskeið sem stúdent má sleppa með þessum hætti þegar metin sem hluti prófgráðu sem stúdent hefur lokið eða ætlar að ljúka annars staðar en í Stjórn málafræðideild verður hann að taka námskeið í Stjórn málafræðideild, eða námskeið sem deildin samþykkir að sama einingafjölda, þannig að baki BA-prófi hans úr Stjórn málafræðideild verði 120e eða 180e eftir atvikum.

Deild er heimilt að veita nemendum sem hafa lokið BA-prófi allt að sextán eininga afslátt af fullu 180e námi og átta eininga afslátt af 120e námi vegna fyrra náms, enda samsvari tiltekinn hluti þess náms námi í Stjórn málafræðideild að mati deildar.

Stúdent sem lýkur 120 eininga námi með 12e lokaritgerð í Stjórn málafræðideild og hefur lokið prófi frá Háskóla Íslands sem er að minnsta kosti jafngilt BA-prófi getur fengið það nám metið sem ígildi aukagreinar. Slík heimild er ekki veitt nema fyrir liggi fullgilt vottorð um að

Því prófi sé lokið. Í slíkum tilfellum veitir fyrri prófgráða stúdent engan afslátt af námi í Stjórn málafræðideild.

4. Meistaranám

Deild er heimilt að veita 12e afslátt af meistaranámi hafi nemandi þegar lokið öðru meistaraþrófi.

Ef nemandi hefur lokið námskeiðum á meistarastigi sem ekki hafa verið metin til prófgráðu getur nemandi sótt um til Stjórn málafræðideildar að fá þau metin inn í meistaranám í Stjórn málafræðideild.

5. Viðbótarnám á meistarastigi

Nám sem metið hefur verið til prófgáðu fæst ekki metið inn í 30e nám á meistarastigi.

6. Fyrningarregla

Námskeið sem eru eldri en 10 ára fást að öllu jöfnu ekki metin til prófgráðu.

Vilji stúdent hefja að nýju nám sem hann hefur horfið frá – og hlé hans frá námi er ekki samkvæmt ákvæðum 48. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands – þá metur deild námskeið af fyrri ferli stúdents til endurinnritunar samkvæmt þeirri námsskipan sem í gildi er og með hliðsjón af jafngildingarreglum um viðurkenningu Stjórn málafræðideildar á námi.